



Fundargerð

Fundur í Umhverfis- og náttúruverndarnefnd miðvikudaginn 04.03.20 kl. 14:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð 1 bls. rituð á tölvu.

Mætt voru: Embla Dögg Bachmann, Tómas Sigurgeirsson og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir auk þess sat fundinn Tryggvi Harðarson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Embla Dögg bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Hunda- og kattahald: Samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að banna lausagöngu katta yfir varptímamann á Reykhólum neðan Reykjanesvegjar. Formanni og sveitarstjóra falið vinna breytingu á samþykktum um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi og gjaldskrá og leggja fyrir sveitarstjórn.

Mikilvægt að setja upp upplýsingarskilti við innkomuna á Reykhóla um bann við lausagöngu hunda og katta.

2. Sorpflokkun: Nefndin leggur áherslu á að betur verði unnið í flokkun sorps á Reykhólum og sveitarfélagið sýni gott fordæmi í þeim efnum. Nefndin hvetur til að skoðað verði með samstarf við Sorpsamslag Strandasýslu.

3. Aðkoma að endurvinnslustöð: Nefndin hvetur til að vegurinn að endurvinnslustöðinni verði lagfærður.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15:00

_____	_____
_____	_____